

ætti lengri aldur hér á jörðunni en hinn hugboðni tímareikningur G. Testam. myndi leyfa. En allur sá kvíði er nú löngu horfinn, ekki þó vegna þess að þetta hafi ekki þegar komið á daginn, heldu vegna þess, að öllum er það ljóst að á G. Testam. er ekki að byggja, er útreikna á aldur mansins á jörðunni.

Mannfræðin hefir þegar sýnt hversu afarlangur aldur mannkynsins er orðinn. Ártöl þau, samt sem áður er mannfraeðingur, ásamt jarðfræðingum fást við eru ekki fast ákveðin, eins og eðlilegt er, þar sem um óteljandi afarlöng tímabil er að ræða. Það er að eins með köflum hér og hvar að maður getur gripið ofan í frásöguna með fullri vissu um stað og stund, og er sú vissa, þótt af skornum skamti sé, aðallega fornfræðinni að þakka. Og nú nýlega hafa fornleifa rannsóknir bætt litlum kafla framan við söguna, er myndar afarmerkilegan þátt í sögu Forn-Egypta.

Próf. von Luschan hinn víðfrægi forstöðumaður mannfraeðissafnsins í Berlín, fyrir nokkru síðan sýndi höfundur þessarar greinar nokkur sýnishorn af ýmsum tinnu-áhöldum, er gerð höfðu verið af manna höndum og sem höfðu fundist í jarðleifum með fram Níl og sem hann áleit að eldri væri en Nílárdalurinn sjálfur. En hvað sem þess konar leifum líður, sem að eins er fyrir æðustu jarðfræðinga úr að greina, það sem þannig tekur fram fyrir alla byrjun sögunnar eins og þetta, þá hefir nú nýskeð við rannsóknir á sögulegum leifum Nílárdalsins fundist hið fyrsta áreiðanlega ártal í mannkynssögunni, sem þekst hefir til þessa tíma.

Saga Egypta greinist í þrjá aðal kafla, tekur fyrsti kafliinn yfir Forn konungsdæmið, hinn annar yfir Miðkonungadæmið og sá þriðji yfir keisaradæmið. Löng tímabil aðgreina þessa kafla er menn þekkja næsta lítið til, þó með því að telja til baka frá falli Egyptalands fyrir Persum árið 525 f. t. t. vort. eftir graflettri keisaranna, hefst keisaradæmið ekki seinna en 1052 árum fyrir persneska tímatalið, verður þá upphaf keisaradæmisins á fyrrihluta 16. aldar f. t. t. v. En svo verður ekki talið á graflettri um næsta tímabil þar fyrir framan vegna þess hve lítið hefir fundist af leturspjöldum frá þessum tíma. En